



ÍSAFJARÐARBÆR

Forsætisráðuneytið
Katrín Jakobsdóttir
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Innviðaráðuneytið
Sigurður Ingi Jóhannsson
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Ísafjörður, 8. nóvember 2022

Efni: Ósk um framlengingu Flateyrarverkefnisins

Hæstvirtur Ráðherra

Með bréfi þessu óskar Ísafjarðabær og Vestfjarðastofa eftir því að svokallað Flateyrarverkefni sem stjórnarráðið ásamt Ísafjarðarbæ og Vestfjarðastofu stofnaði til um mitt ár 2020 verði framlengt um eitt ár, eða til 30. júní 2024.

Forsaga og helstu staðreyndir

Tvö snjóflóð féllu á Flateyri í janúar 2020 sem ollu gríðarlegu eignatjóni á hafnarsvæði og íbúabyggð. Eitt íbúðarhús fylltist af snjó og var tvísýnt um íbúa þess sem þó var bjargað heilum á húfi eftir björgunarafrek. Í ljósi fyrri atburða 1995 var snjóflóðið gríðarmikið áfall fyrir íbúa Flateyrar. Sömuleiðis var snjóflóðið mikið áfall fyrir atvinnulíf þar sem ljós kom að höfnin væri óvarinn og því ónothæf að vetri til.

Í kjölfar atburðanna skipaði ríkisstjórnin starfshóp til að greina ástandið og gera tillögur um aðgerðir. Stjórnarráðið samþykkti tillögurnar, en ein af 15 aðgerðum var að ráðast í *Nýsköpunar- og þróunarverkefni fyrir Flateyri* sem fælist annarsvegar í nýsköpunarsjóði sem úthlutaði 20 milljónum kr. í 3 ár og hins vegar í ráðningu verkefnastjóra á þessum forsendum: „*Ráðinn verði verkefnisstjóri [...] fyrir nýsköpun og atvinnuþróun á Flateyri. Verkefnisstjórinn, sem staðsettur yrði á Flateyri, verði fjármagnaður að hálfu leyti með sérstöku framlagi frá ríkissjóði. Um væri að ræða þróunarverkefni til þriggja ára. Verkefnið miðaði að því að þróa og útfæra nýsköpunarverkefni á Flateyri, leita stuðnings í samkeppnis- og nýsköpunarsjóði og huga að nýtingu húsnæðis í því skyni. Verkefnisstjóri hafi jafnframt umboð til að fylgja tillögum starfshóps um málefni Flateyrar eftir og eftir atvikum setja fram tillögur til stjórnvalda um málefni Flateyrar. Byggðastofnun yrði verkefninu til ráðgjafar og horft yrði til reyngslunnar og aðferðarfræði verkefnisins Brothættar byggðir.*“ Þessi áform hafa í stórum dráttum gengið eftir og hefur ríkið veitt til þess ofangreint fé, auk þess að það hefur fjármagnað launagreiðslur verkefnastjóra til helminga á móti Ísafjarðarbæ.

Rétt eftir að stjórnarráðið samþykkti aðgerðirnar fimmtán, brast á með Covid-19 í mars 2020. Verkefnastjórn var þó skipuð og verkefnisstjóri ráðinn um mitt ár 2020. Faraldurinn hafði afgerandi neikvæð áhrif á verkefnið, einkum varðandi tvennt: Íbúasamráð og atvinnuþróun. Hið fyrrnefnda vegna samkomutakmarkanna og hið seinna vegna lómunar atvinnulífs, sérstaklega ferðamennsku. Sem dæmi má nefna að íbúáþing, sem venjulega markar upphafið af slíkum verkefnum (samanber „Brotthættar Byggðir“) var ítrekað frestað, þar til það var loks haldið í september 2021, þegar samkomutakmörkunum var að mestu lokið.

Sjö af þeim fimmtán aðgerðum sem upphaflega voru skilgreindar er enn ólokið, þ.a.m. *snjóflóðavörnum fyrir byggð og hafnarsvæði og aðgerðum í húsnæðismálum*. Fyrirséð er jafnframt að mörgum mikilvægum aðgerðum verður ekki lokið fyrir áætluð lok verkefnisins í júní 2023.

Frekari rökstuðningur

Tafir vegna Covid faraldursins

Sem fyrr segir þá urðu umtalsverðar tafir á íbúasamráði vegna covid-19. Samkomutakmarkanir gerðu það að verkum að nauðsynlegt reyndist að fresta íbúáþingi í tvígang, en að lokum tókst að halda það 12 mánuðum seinna en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Mikill vinnutími verkefnastjóra hafði farið í undirbúning fundanna sem ekki voru haldnir og nýttist tíminn því ekki í önnur verkefni. Þá er það mat verkefnastjóra og verkefnastjórnar að heldur færri hafi sótt þingið, þar sem takmarkanir voru enn í gangi að einhverju leyti og fólk hafi veigrað sér við að mæta í fjölmenni. Í aðferðafræði verkefna í *Brotthættum Byggðum*, sem Flateyrarverkefnið horfir til, markar íbúþingið upphaf af árangursríkri skilgreiningu verkefna og markmiðasetningu. Þótt verkefnastjórn og verkefnastjóri hafi fundið leiðir til að hefja samstarfið með íbúum má samt ætla að þessi töf hafi haft tölvuverð neikvæð áhrif á framkvæmd verkefnisins og hafi gert það að verkum að verkefnið hafi farið mjög hægt af stað og gengið illa að ná góðu flugi.

Atvinnulíf á svæðinu hefur jafnframt ekki farið varhluta af ástandinu, sérstaklega hvað varðar ferðaþjónustu, eins og alþekkt er um allt land. Fjölmörg verkefni sem Flateyrsjóðurinn styrkir eru á sviði ferðamennsku (t.d. fimm í fyrstu úthlutun árið xx), og töfðust eða höfðu takmarkaðri virkni vegna covid-19. Má þar nefna markaðsátakssverkefnið *Flateyri allt árið* og forkönnunarverkefnið *Sjóböð í Holti*, en þar tafðist gerð markaðsgreiningar vegna ófullnægjandi upplýsinga um erlenda ferðamenn, fjöldatölur og hegðun neytenda.

Þó má sjá að eftir að covid-19 faraldrinum lauk að þessi verkefni, svo og önnur á svæðinu hafa loksins komist á skrið. Ferðamannafjöldi jókst sumarið 2022 og góður gangur hefur verið í uppbyggingu bæjarfélagsins síðustu mánuði. Mikilvægt er þó að styðja áfram við uppbyggingu á svæðinu, bæði með auknu fjármagni og umsjón verkefnastjóra.

Sjö aðgerðum ólokið

Eftir snjóflóðin í janúar 2020 brugðust Stjórnarráðið og Ísafjarðarbær við af festu og var strax skipaður starfshópur til að gera stöðumat og leggja fram tillögur að aðgerðum og treysta stoðir byggðarinnar. Af þeim fimmtán aðgerðum sem skilgreindar voru af starfshópnum eru þó sjö ólokið:

a) Byggðaðróunarverkefni í sjávarútvegi á Flateyri – ein tillaga

Komið verði á fót byggðaðróunarverkefni í sjávarútvegi í samstarfi atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytisins, Ísafjarðarbæjar og Byggðastofnunar. Verkefnið miði að því að auka svigrúm og ráðstöfun á nýtingu aflaheimilda í því skyni að aukna fjölbreytni atvinnulífs á Flateyri, t.a.m. á sviði fiskeldis, og styrkja þar með byggðafestu. Verkefnið væri til þriggja til sex ára.

b) Fiskeldi í Önundarfirði – ein tillaga

Í ljósi alvarlegrar stöðu Flateyrar eru viðkomandi stjórnvöld hvött til að skoða möguleikann á því að þau mál verði sett í forgang hjá viðeigandi stofnunum.

c) Fjármögnun uppbyggingar og viðhalds atvinnuhúsnæðis á Flateyri – ein tillaga

Lagt er til að Byggðastofnun stofni sérstakan lánaflökk á hagstæðum kjörum til framkvæmda og viðhalds á atvinnuhúsnæði í byggðarlögum sem glíma við afleiðingar náttúruhamfara og þar sem ætla má að markaðsbrestur hamli uppbyggingu atvinnuhúsnæðis og fjármögnun þess. Sérstakri áhættu af slíkum lánaflökki verði mætt með varasjóðsframlagi úr ríkissjóði eftir því sem við á.

d) Íbúðarhúsnæði – ein tillaga

Settur verði á fót starfshópur á vegum félagsmálaráðuneytis og Ísafjarðarbæjar sem kortleggi stöðuna á Flateyri, m.a. með hliðsjón af húsnæðisþörf Lýðskólans, og komi með tillögum að útbótum.

e) Snjóflóðavarnir fyrir byggð og hafnarsvæði – tvær tillögur

1. Varnir gegn snjóflóðum á Flateyri verði auknar og því verkefni verði hraðað eins og kostur er og sett í forgang. Kynning á styrkingu varna og nýju hættumati fari fram samhliða.
2. Komið verði á fót sérstöku teymi sem skipað verður fulltrúum Ofanflóðasjóðs, Veðurstofunnar og Ísafjarðarbæjar til að fylgja verkefnunum eftir. Stöðuskýrsla verði kynnt í september. Teymið verði leitt af fulltrúa umhverfis- og auðlindaráðherra.

f) Snjóflóðavarnir fyrir veg – ein tillaga

Vegagerð í samstarfi við Veðurstofu vinni valkostagreiningu á mögulegum breytingum sem leiða til bættra snjóflóðavarna á Flateyriarvegi um Hvilftarströnd og meti kostnað. Niðurstaðan verði kynnt og rædd í samgönguráði.

g) Endurskoðun á skipulagi og viðbragði almannavarna og lögreglunnar – tvær tillögur (annarri lokið)

1. Lögreglumaður eða almannavarnarfulltrúi í umboði lögreglustjóra verði staðsettur á Flateyri (lokið)
2. Skipulag og viðbúnaður almannavarna verði yfirfarið og endurbætt. Að loknu endurmati verður það kynnt fyrir íbúum Flateyrar. Reglulegar æfingar og kynningar fari fram.

Um a) og b) má segja að verulegra breytinga í regluverki og/eða lagaramma hefði þurft til að ljúka þeim aðgerðum og því ekki endilega óeðlilegt að lítið hafi þokast áfram í þeim málum og að þau yrðu ekki forgangsmál hjá verkefnastjóra. Öðru máli gegnir um liði c)-g). Ekkert hefur gerst í atvinnuhúsnæðismálum og lítið í íbúðarhúsnæðismálum, þar sem húsnæðisáætlun Ísafjarðarbæjar hefur ekki legið fyrir þar til nú. Hluti af töfunum má þó rekja til nýs kerfis HMS, sem er ekki komið í fulla virkni, en skila skal gögnum sveitarfélaga um húsnæðisáætlanir þeirra inn með rafrænum hætti Húsnæðismál, bæði atvinnu- og íbúðarahúsnæðis eru flöskuhálsar í frampróun Flateyrar. Bygging nemendagarða Lýðskólans breytir þar engu um, þar sem skólinn er í vexti. Margt hefur verið vel gert í hönnun og byggingu snjóflóðamannvirkja síðan 2020, t.d uppsetning snjósöfnunargrinda (reyndar ári of seint vegna covid-19 tafa) og breikkun snjóflóðafarvegjar Bæjargilsmegin við varnargarðinn. Enn eru þó stærstu mannvirkin í hönnunarfasa og ljóst að skoðanir eru skiptar á Flateyri gagnvart mismunandi hugmyndum og framkvæmdaútfærslum. Hugmyndir Vegagerðarinnar um öruggari veg um Hvilftarströnd eru enn ekki fjármagnaðar og er því verkefni ólokið. Endurskoðun á skipulagi almannavarna og lögreglu er að miklu leiti lokið, en eftir stendur að upplýsingagjöf til almennings er í nokkrum ólestri, en verkefnastjóri hóf nýlega samtal við almannavarnardeild ríkislögreglustjóra um betrubætur á því sviði, auk þess sem fyrirhugaðar eru almannavarnaræfingar á næstu mánuðum.

Ljóst er að verkefni c)-g) þurfa frekari eftirfylgni af hálfu verkefnastjóra, og eru þau ein sér ástæða til að framlengja verkefnið.

Styrkt samfélags og nýsköpunarverkefni

Flateyrarsjóðurinn úthlutaði tíu miljónum til ýmissa verkefna haustið 2020, tuttugu miljónum vorið 2021, tuttugu miljónum vorið 2022 og til stendur að úthluta síðustu 10 miljónum (aframtök frá óloknum verkefnum) í febrúar 2023. Umsýsla styrkja, eftirfylgni og aðstoð til styrkhafa er allnokkuð starf sem verkefnastjóri hefur sinnt. Nokkuð ljóst er, af reynslu fyrri ára, að verkefni sem fá úthlutun fjármuna í febrúar 2023 mun ekki verða lokið með lokaafurð og lokaskýrslu í júní 2023 og er það enn önnur ástæða til að framlengja verkefnið.

Fordæmi Brothættra Byggða

Frá upphafi hefur verið lagt upp með að Flateyriarverkefnið taki mið af aðferðafræði *Brothættra byggða* og hefur iðulega í stóru sem smáu verið lítið til þeirra sem fordæmi. Heildartími

Verkefna *Brothættra byggða* er þó skilgreindur lengri en í tilfelli Flateyrarverkefnisins, eða 4-5 ár í stað þriggja. Þar gildir þó almennt að verkefni geti sótt um eins árs framlengingu ef ástæða þykir til. Framlenging var heimiluð nýlega í þremur tilfellum; Grímseyjar, Árneshrepps og Þingeyrar, þar sem Byggðastofnun framlengdi verkefnið um eitt ár. Aðstæður á Þingeyri og Flateyri eru um fjölmargt sambærilegar og auðvitað lentu bæði verkefnin í ófyrirsjáanlegum töfum vegna covid-19 heimsfaraldurs.

Að lokum

Að mati Ísafjarðarbæjar og Vestfjarðastofu er mikilvægt fyrir íbúa Flateyrar að finna að stjórnvöld taki málefni þeirra alvarlega og standi við þau loforð um aðgerðir sem gefin voru árið 2020. Þótt margt hafi gengið vel er þó mörgu ólokið. Verkefnið, þ.e. starf verkefnisstjóra, með verkefnisstjórn og styrkjaúthlutun, er nauðsynlegur stuðningsaðili og bakhjarl við uppbyggingu á Flateyri, bæði varðandi þau óloknu verkefni sem styrkt hafa verið úr sjóði þess og við samstarf vegna annarrar uppbyggingar, nýsköpunar og eflingar atvinnulífs á svæðinu. Nauðsynlegt er að gefa verkefninu aukið svigrúm til að koma þessum málum og útistandandi verkefnum í fastari og stöðugri farveg með áframhaldandi styrkjum, sérstaklega og ekki síst í ljósi þeirra áhrifa sem heimsfaraldur covid-19 hefur haft á ferðapjónustu, atvinnulíf og samfélagið í Önundarfirði. Þá má horfa til þess að það er ekki á færi Ísafjarðarbæjar sem fjölkjarna sveitafélags, með erfiða fjárhagstöðu, að standa eitt að eftirfylgni þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin hefur samþykkt.

Ísafjarðarbær og Vestfjarðastofa óska því sameiginlega eftir því að ráðuneytið veiti verkefninu fjármuni til eins árs til viðbótar, þannig að Flateyrarverkefnið verði framlengt og að staða verkefnisstjóra verði fjármögnuð, svo og fjármagn til úthlutunar í eitt ár í viðbót, svo hægt sé að ljúka við samþykktar aðgerðir og styrkja þannig byggðarlagið á Flateyri, í samræmi við markmið verkefnisins. Telja verður að það geti skipt sköpun varðandi framgang og eflingu Flateyrar.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og Vestfjarðastofa eru að sjálfsögðu reiðubúin til viðræðna um hvernig framhaldinu verður best háttað.

Virðingarfyllst,

F.h. Ísafjarðarbæjar

Arnahara Jónsdóttir

Arna Lára Jónsdóttir

bæjarstjóri



F.h. Vestfjarðastofu

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir,

framkvæmdastjóri